



Geymslusvæðið ehf.
Kt. 450791-1219.
Hraungarðar
220 Hafnarfirði.

Erindi: Losun úrgangsefna vegna framkvæmda á lóð Geymslusvæðis ehf og stöðvun þess.

Að fenginni ábendingu og eftir skoðun á staðnum er athygli ykkar vakin á því að ekki hefur verið aflað tilskyldra leyfa til framkvæmda af þeim toga, sem getið er um hér að ofan. Í 13. gr skipulagslaga nr. 123/2010 segir m.a.:

“Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.”

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er landnotkun svæðisins iðnaðarsvæði. Í gildandi deiliskipulagi og skilmálum þess, eru sérstök ákvæði um lóðarfrágang.

Á afgreiðslufundi Skipulags- og byggingarfulltrúa þann 22. apríl 2015 var eftirfarandi erindi frestað:

“Efni: Kapelluhraun I, ósk um endurvinnslu jarðefna á lóð í eigu Geymslusvæðisins Geymslusvæðið sækir hér með um leyfi til að taka á móti jarðvegsefnum til endurvinnslu. Einnig eru hugmyndir uppi um að taka á móti mold, fleyggjótí, og grús, efni þetta er hugsað til að taka lóðir okkar í hæðir.”

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs þann 2. júní 2015 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

“ Geymslusvæðið sækir hér með um leyfi til að taka á móti jarðvegsefnum til endurvinnslu. Einnig eru hugmyndir uppi um að taka á móti mold, fleyggjótí, og grús, efni þetta er hugsað til að taka lóðir okkar í hæðir. Skipulags- og byggingarráð óskaði frekari upplýsinga um umhverfisáhrif vinnslunnar og mengunarvarnir. Lagt fram svar Ástvaldar Óskarssonar f.h. Geymslusvæðisins dags. 18.05.15.”

Niðurstaða:

“ Skipulags- og byggingarráð telur upplýsingarnar ekki fullnægjandi og ítrekar fyrri bókun.”

Með bréfum dags. m.a. 06.05.2015, var ykkur tilkynnt um þessa niðurstöðu, og af ofangreindu má ljóst vera að ekki liggur fyrir nein heimild til framkvæmda af þeim toga sem átt hefur sér stað á umræddu landsvæði.

Með bréfi þessu er ykkur gert að stöðva framkvæmdir tafarlaust og jafnframt að fjarlægja umræddan framkvæmda- og byggingarúrgang. Skal lögð fram tímasett verkáætlun til samþykktar hjá skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar um upphaf lagfæringar og fyrirhuguð lok hreinsunar. Jafnframt skal gera grein fyrir hvert úrgangurinn er fluttur og lögð fram tilskylin leyfi fyrir því ef með þarf. Land skal við lok hreinsunar vera í sambærilegu ástandi og áður en flutningur úrgangs á svæðið hófst.

Jafnframt er athygli ykkar vakinn á eftirfarandi ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010:

“54. gr. Dagsektir.



HAFNARFJÖRÐUR

Sveitarstjórn er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim eða láta af atferli sem er ólöglegt. Sinni aðili ekki fyrir mælum sveitarstjórnar innan þess frests sem hún setur getur sveitarstjórn ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsektar er 500.000 kr. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Sveitarstjórn getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skuli, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

55. gr. Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.”

Ykkur er hér með gefinn skriflegur andmælaréttur eða til að skila inn öðrum athugasemdum til undirritaðs í síðasta lagi þann 18. ágúst n.k.


Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.